

Við höfum farið yfir frumvörpin, en einuig höfum við hafi tekið tillit til þess að gæla um þau innan  
Félags löggiltra endurskoðenda (FILE).

FLB hefur sent umsögn sína um frumvörpin og þyrum við okkur samræða þeim efnisgreindum og  
ábyrgingum sem þar koma fram og teljum ekki hættu til að besta við þess.

VirdingarVilji,



Lærus Finnþósson,

sviðsþjóri endurskoðunar – og  
reikningsráðgjafar Deloitte hf.

**Audit. Tax. Consulting. Financial Advisory.**

Aðili að  
Deloitte Touche Tomatsu

Stofnanir: Eignavogur, Alureyri, Eglisaleik, Starðsþjopp, Grundurflödur,  
Rafhljóðendur, Saldurflödur, Svalstakleik, Veitnismarkaður,  
Samstarfsstjórnari: Botungarvök, Hafþorur, Sýndisáttur.

# Deloitte.

Alþingi  
Eriandi nr. P 136/1169  
Könungagur 10.3.2009

Deloitte hf.  
Smyrkvang 3  
201 Kópavogur  
Sími: +354 590 3000  
Fax: +354 590 3001  
dit@deloitte.is  
www.deloitte.is

Reykjavík, 10. mars 2009.

Efnislags- og skattenefnd  
Alþingis.

Efni: Mál 244 og 245 – breytingar á lögum um bótteld og breytingar á lögum um áærvæðingna.

Þessi var óskað af efnislags- og skattenefnd Alþingis að Deloitte hf. veiti unnsögn um ofangreind tvö lögáfrunvörp.



**Félag bókhaldsstofa**

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 136/1200*  
*komudagur 11.3.2009*

**Umsögn** Félags bókhaldsstofa vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum (Þskj. 361 – 244. mál) og frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn (Þskj. 362 – 245. mál).

Stjórn Félags bókhaldsstofa hefur fjallað um ofangreind frumvörp og gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvörpin, sérstaklega það síðarnefnda:

Mjög skammur tími er gefinn til að meta áhrif þessara lagabreytinga á störf okkar í Félagi bókhaldsstofa en við lauslega yfirferð virðist áhrif þessarar lagasetningar geta orðið umtalsverð á okkar stétt og þá helst neikvæð að okkar mati. Því verður ekki mótmælt að orðið skoðunarmenn hefur vissulega verið ofnotað í lagasetningunni, þ.e. merking þess er misjöfn eftir lagabálki. Stétt okkar er, og hefur verið, að mörgu leyti í tilvistarkreppu. Við lítum á okkur sem fagmenn, uppgjörsaðila. Skoðunarmenn í t.a.m. félagasamtökum eða hjá opinberum stofnunum hafa allt öðru hlutverki að gegna en við. Félagsmenn okkar hafa aflað sér viðtækrar þekkingar í reikningsskilum, skattskilum og rekstrar- og skattaráðgjöf og ekki síst aflað sér reglulegra endurmenntunar á þessum sviðum. Með þessari lagabreytingu er staða okkar gerð mun óljósari en í núgildandi lögum.

Í dag hafa 356 einstaklingar löggildingu í endurskoðun. Þó flestir þeirra séu starfandi við fagið má ljóst vera að þeir geta seint annast reikningsskil allra þeirra félaga sem eru skilaskyld á landinu. Því hefur okkar stétt, einskona millistig bókara og endurskoðenda, gegnt mikilvægu hlutverki við að aðstoða lögaðila landsins að semja sín lögboðnu reikningsskil.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum hafa umbjóðendur okkar ekki lengur þá vissu, sem þeir áður höfðu, að störf okkar skyldu vera sambærileg þeim sem gengur og gerist hjá endurskoðendum, þ.e. að vinna okkar væri lögð að jöfnu við störf endurskoðenda í þeim tilfellum sem lög um ársreikninga heimilar, þ.e. varðandi óendurskoðuð reikningsskil.

Í samræmi við núgildandi lög geta lesendur ársreikninga, sem ekki eru endurskoðaðir en eru áritaðir af skoðunarmanni, haft vissu fyrir því að sömu lagalegu hæfniskröfur eru gerðar til skoðunarmanna og endurskoðenda sem áritar óendurskoðuð reikningsskil. Þá tryggja núgildandi lög lesendum ársreikninga réttarstöðu gagnvart skoðunarmanni sannist á hann afgang. Núgildandi lög eru því, að okkar mati, í lagi, enda viljum við sömu hæfiskilyrði á okkur og endurskoðendur þegar kemur að áritun óendurskoðaðra reikninga. Við höfum miklar áhyggjur af því hver áhrif þessara breytinga verða hjá t.d. viðskiptabönkum og öðrum aðilum sem þurfa að nota ársreikninga viðskiptavina okkar.



## Félag bókhaldsstofa

Núgildandi lög tryggja okkur tilverurétt sem áritarar reikningsskila sem og jafna stöðu gagnvart endurskoðendum þegar kemur að minni félögum, þ.e. þau félög sem eru undir tilgreindum stærðarmörkum skv. 98. gr. ásamt öðrum tilteknum skilyrðum sömu lagagreinar, sbr. 96. gr. Slík félög þurfa ekki endurskoðanda né endurskoðun en með því að fella skoðunarmenn úr lagabálknum má færa fyrir því góð rök að stofnendur einkahlutafélaga mistúlki eða mislíki boðað hlutverk skoðunarmanna og leiti því frekar til endurskoðenda sem er verulega íþyngjandi fyrir minni félög. Rétt er að leggja áherslu á það að lagasetningin boðar 98. gr. sem undanþáguákvæði og það verður ekkert sérstaklega auðskilið af lögunum að ekki þurfi að endurskoða minni félög. Nær væri, svo lausna sé leitað, að skipta lögunum um ársreikninga í tvennt, minni og stærri félög, óendurskoðuð og endurskoðuð félög eða sambærilegt. Með því mætti auk þess slaka á upplýsingakröfum laganna sem geta verið íþyngjandi fyrir minni félög. Þá er rétt að minna á aðgreiningu starfa sem hefur viðgengist um langt árabil víða í Evrópu, þ.e. lagskipt aðgreining bókara, reiknings- og skattskilamanna og endurskoðenda. Sjá nánar í itargögnum.

Þessi boðaða lagasetning gæti hamlað samkeppi á markaði með reikningsskil minni fyrirtækja sem undanþegin eru endurskoðunarskyldu skv. lögum um ársreikninga. Réttarstaða lesenda reikningsskila gagnvart áritun skoðunarmanna reikningsskila er sett í mikla óvissu með rýmkun óhæðis- og hæfiskilyrða sem boðuð eru með frumvarpinu. Við afþökkum með öllu lausnina undan ábyrgð, sem boðuð er með frumvarpi þessu.

Kröfur til þeirra sem gera ársreikninga félaga sem ekki eru endurskoðaðir eru rýmkaðar mikið og er þar m.a. hægt að benda á að:

- Nú megum við skulda umbjóðendum okkar og þeir mega gangast í ábyrgðir fyrir okkur. Þetta hlýtur að rýra þá eðlilegu kröfu sem lesendur reikningsskila hafa um óhæði þess sem áritar reikningsskilin. Í 9. gr. 1. nr. 18 frá 1997 var skerpt á mun fleiri hæðiskilyrðum sem eiga við um skoðunarmenn en munu falla út verði frumvarpið óbreytt að lögum.
- Ekki er gerð krafa um að við séum fjár okkar ráðandi.
- Verðum við vör við ólöglegt athæfi stjórnenda umbjóðenda okkar, þá þurfum við ekki að láta aðalfund vita af því, við bara ráðum því.
- Nú þurfa stjórnir og framkvæmdastjórar umbjóðenda okkar ekki lengur að verða við óskum okkar um upplýsingar og gögn.



## Félag bókhaldsstofa

Í athugasemdum með frumvarpi þessu segir m.a.:

*„Félög sem eru undir þeim mörkum skulu kjósa sér annaðhvort endurskoðanda, endurskoðunarfyritæki eða skoðunarmann. Skoðunarmaður er án endurskoðunarréttinda sem skal hafa samkvæmt ákvæðum laganna þá kunnáttu í bókhaldi og viðskiptaháttum sem með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins er talin nauðsynleg til rækslu starfans. Við setningu laganna 1994 var talið eðlilegt, þar sem um var að ræða opinbera birtingu ársreikninga til almennings, að ársreikningar væru sem kalla mætti uppáskrifaðir af þriðja aðila sem væri utanaðkomandi aðili. Endurskoðendur og skoðunarmenn eru því oftast nefndir saman í lagaákvæðunum þegar fjallað er um aðkomu þeirra að reikningsskilum félaga. Það má orða það svo að störf þeirra hafa verið gerð jafngild í núgildandi lögum varðandi vinnu þeirra við samningu ársreikninga minni félaga sem ekki eru skyld til að kjósa endurskoðanda. Með breytingu laga um endurskoðendur sem byggist á áttundu félagatilskipun Evrópuþingsins og ráðsins eru lagðar ríkari kröfur á endurskoðendur, menntun þeirra og ábyrgð og er því engan veginn hægt að leggja að jöfnu starf og stöðu endurskoðanda og skoðunarmanns. Þar af leiðandi verður að breyta núverandi lögum sem leggja störf þeirra að jöfnu.“*

Því er mótmælt, með vísan í ofangreindan rökstuðning okkar, að stöðu og starfi endurskoðanda og skoðunarmanns sé ekki hægt að leggja að jöfnu þegar um óendurskoðuð reikningsskil er að ræða, sbr. næstu málsgrein.

Áritun endurskoðanda á slík reikningsskil er t.a.m. svohljóðandi (fengið frá einni af endurskoðunarstofunum):

*„Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir fyrirtækið xxx ehf. vegna ársins 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.*

*Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, um gerð óendurskoðaðra reikningsskila með það að markmiði að aðstoða xxx ehf. við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.*

*Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.“*

Ofangreind áritun er álitlaus og þar af leiðandi ber endurskoðandi ekki ábyrgð á þessum reikningsskilum að nokkru leyti, þ.m.t. áritun sinni. Hans vinna er fólgin í því að aðstoða viðskiptavin sinn við að leggja fram ársreikning félagsins. Það er sama vinna og skoðunarmenn inna af hendi, og gefa reyndar gjarnan álit á með áritun sinni. Miðað við þetta verður ekki séð að þörf sé á að aðgreina störf endurskoðenda og skoðunarmanna þegar um óendurskoðuð reikningsskil er að ræða.



## Félag bókhaldsstofa

Lesendur reikningsskila eru þessir helstir: Lánardrottinnar, hluthafar, lánveitendur, stjórnendur, starfsmenn, viðskiptamenn, opinberar stofnanir, samkeppnisaðilar og mögulegir fjárfestar. Félagsmenn Félags bókhaldsstofa telja að verði frumvarpið að lögum munu lesendur reikningsskila ekki leggja að jöfnu áritun okkar og endurskoðanda á óendurskoðuð reikningsskil, enda verði hæfi- og óhæðiskilyrðin rýmkuð jafn mikið og boðað er. Rýmkun hæfisskilyrða og minnkun eftirlits vekur sérstaka athygli nú um stundir í ljósi atburða í fjármálum fyrirtækja og þjóðar. Þannig má vel færa fyrir því rök að aukinn kostnaður hljótist af lagasetningu þessari, enda líklegt að gæði reikningsskila minnki þegar kosning endurskoðanda og skoðunarmanna er orðin valkvæð og eftirlits- og hæfiskilyrði rýmkuð. Skattstofur og ársreikningaskrá þurfa þá að líkindum að kosta til aukið eftirlit með félögum sem ekki njóta aðstoðar fagmanna við gerð sinna reikningsskila.

Félagsmenn Félags bókhaldsstofa lýsa miklum áhyggjum af áhrifum þessarar lagasetningar á trúverðugleika okkar starfa. Verði frumvörpin að lögum þarf, að okkar mati, að hefja strax undirbúning að ferli sem getur leitt af sér viðurkenningu eða lögverndum starfsheitisins uppgjörsaðili, eða sambærilegt starfsheiti, til að fá skarpari skil milli fagmanna og minni spámanna. Í húfi er trúverðugleiki starfa margra einstaklinga sem við fagið starfa. Verði lesendum okkar reikningsskila ljóst að skyldur okkar hafa verið svo gott sem afnumdar, og þar með ábyrgðir okkar og hæfiskröfur, er hætt við að flótti viðskiptavina okkar verði staðreynd.

Þá má að lokum geta þess að endurskoðandi rukkar gjarnan um 18 þúsund krónur í tímagjald á meðan fagaðilar innan okkar félags rukka margir hverjir 30-40% af þeirri fjárhæð. Á tímum mikilla fjárhagsþrenginga hjá fyrirtækjum landsins getur það verið mikill ábyrgðarhluti að teyma þau til endurskoðanda, líkt og rök hafa verið færð fyrir. Er það þjóðhagslega hagkvæmt?

Við beinum því eindregnum tilmælum til Efnahags og skattanefndar Alþingis að afgreiðslu þessara laga verði frestað svo tími gefist til að meta betur áhrif þeirra, ekki síst hvaða áhrif þetta hefur á starfsemi/stöðu félaga sem ekki þurfa að láta endurskoða ársreikninga sína gagnvart lesendum ársreikninganna. Einnig teljum við afar brýnt að unnið verði að heildstæðri lagasamfelli sem tekur til þriggja lagskiptrar afmörkunar á bókhaldi, reiknings- og skattskilum og endurskoðun. Hafa ætti til þess samanburð við Þýskaland, Holland og fleiri Evrópulönd. Slík lagasamfella verður ekki dregin fram úr erminni eins og ekkert sé og því eru þær breytingar sem eru boðaðar í fyrirbyggjandi frumvörpum ekki tímabærar.

Stjórn Félags bókhaldsstofa

Magnús Eiríksson  
Formaður



## Félag bókhaldsstofa

Ítargögn:

Um Félag bókhaldsstofa:

## Félag bókhaldsstofa

Félag bókhaldsstofa var stofnað í Reykjavík 5. janúar 1990. Helsti hvatamaður að stofnun félagsins var Fylkir Ágústsson frá Ísafirði. Félagið var ekki stofnað vegna lagaskipunar frá Alþingi eða vegna reglugerðarákvæða stjórnvalda, heldur er það vegna samfélagsvitundar þeirra sem að stofnun félagsins komu. Þeir sáu þörf á samtökum til að einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir gætu fengið faglega þjónustu vegna reikningsskila og skattskila.

### Tilgangur félagsins

Tilgangur frá upphafi hefur verið eins og segir í samþykktum félagsins:

- Að viðhalda og auka faglega þekkingu félagsmanna.
- Að vinna að samræmingu á vinnubrögðum félagsmanna m.a. með útgáfu leiðbeinandi reglna um bókhald, reikningsskil og skattskil.
- Að vinna að bættri þjónustu félagsmanna við viðskiptavinum sína, opinbera aðila og aðra er byggja á störfum þeirra.
- Að vinna að kynningu á starfssviði félagsmanna.
- Að vera í forsvari fyrir félagsmenn sem heild á opinberum vettvangi.
- Að vera vettvangur fyrir gagnkvæm kynni félagsmanna.
- Að vinna að því að almennt aðhald sé með starfsemi og framkvæmd starfa félagsmanna.

### Félagsmenn

Félagsmenn eru nærri 70 talsins og hefur það verið svo flest ár frá stofnun félagsins. Hver félagsmaður rekur stofu með 1 til 20 manns í vinnu og því má ætla rúmlega 300 störf vera unnin á stofum félagsmanna.

Umsækjandi um félagsaðild verður að leggja fram umsögn meðmælenda með umsókninni og standast skoðun stjórnar félagsins. Ekki hafa allir umsækjendur fengið aðild að félaginu og einstaklingum hefur verið vikið úr félaginu vegna vinnubragða sem ekki sæma félagsmanni í Félag bókhaldsstofa.

### Fagleg þekking

Til að ná því markmiði sínu að auka faglega þekkingu hefur félagið verið með 2 ráðstefnur á ári, stóra hausráðstefnu sem er 2 dagar og aðra á fyrstu þremur mánuðum ársins og er hún 1 til 2 dagar eftir því sem stjórn félagsins telur þörf á. Á þessum 18 árum sem félagið hefur starfað hafa um 3.500 manns setið ráðstefnur félagsins sem hafa verið haldnar á 63 dögum. Þessu til viðbótar hafa verið haldin sjálfstæð námskeið í tölvu- og samskiptatækni.



## Félag bókhaldsstofa

Félagsmenn hafa undirgengist að stunda endurmenntun sem er mæld samkvæmt ákveðnu stigakerfi, þeir sem ekki uppfylla þetta ákvæði er vísað úr félaginu, þetta ákvæði er ekki skrautfjöldur, því hefur verið beitt oftar en einu sinni.

### Traust og ábyrgð

Félagar í Félagi bókhaldsstofa hafa allt frá stofnun félagsins verið að byggja upp traust í störfum sínum. Traust við skattfyrvöld, við lánastofnanir, við stofnanir ríkisins og viðskiptavini sína.

Til að auka öryggi viðskiptavina sinna þá lagði félagið í 3 ára harða vinnu við að fá starfsábyrgðartryggingu hjá tryggingafélögum. Félag bókhaldsstofa er fyrsta félag, og lengi vel það eina á Íslandi, til að afla félögum sínum starfsábyrgðartryggingar án lagaboðunar eða tilskipunar frá Alþingi.

### Siðareglur

Félagið hefur setti sér samskipta- og siðareglur sem er sérstakur hluti samþykka félagsins. Í þessum reglum er mælt fyrir um hvernig félagsmenn skuli umgangast vinnu hvers annars, að samskipti og vinna fyrir viðskiptavini skuli vera á grunni fagmennsku og síðast en ekki síst að öll vinna félagsmanna skuli vera samkvæmt lögum landsins.

### Engin réttindi

Félagið og félagsmenn hafa ekki fengið nein réttindi af hálfu opinberra aðila, þó verður að geta þess að í samskiptum við skattfyrvöld hafa félagsmenn áunnið sér ákveðna gæðastöðu. Þau orð hafa komið frá einstökum skattstjórum að ef þessi hópur sem er í Félagi bókhaldsstofa væri ekki til staðar þá væru skattskil með mun erfiðari hætti og vinna á skattstofum meiri og erfiðari.

Frá stofnun félagsins hefur nokkrum sinnum verið leitast við að fá einhverskonar réttindi að undangenginni stöðutöku á þekkingu, en ekki gengið eftir. Félagið vildi koma að uppsetningu á námi Viðurkenndra bókara, en það var afþakkað af hálfu fjármálaráðuneytisins. Nokkrir félagsmenn fóru í þetta nám á fyrstu árum námsins og niðurstaðan var sú að þetta nám hentaði ekki þeim sem fást við reikningsskil og skattskil. Félagið óskaði eftir samstarfi við fjármálaráðuneytið við að skoða stöðu og umhverfi þeirra sem fást við bókhald og reikningsskil en því hafnaði ráðuneytið.

Félag bókhaldsstofa í samvinnu við Háskólann í Reykjavík setti upp námsefni, útvegaði kennara, setti upp dagsetta stundaskrá í námi sem væri fyrir þá sem vinna við reikningsskil og skattskil. Háskólinn blés námið af á síðustu metrunum og gaf ekki opinbera skýringu á því. Í samtölum manna kom fram að erfitt væri að setja svona nám fram ef ráðuneytið væri ekki samþykkt því eða bara hlutlaust.





## **Félag bókhaldsstofa**

Félagið lagði í mikinn kostnað við að fá löggilta skjalþýðendur til að þýða reglur um sambærilega starfstéttir og Félag bókhaldsstofa í 4 Evrópulöndum, það er Þýskalandi, Englandi, Hollandi og Danmörku. Í þessum löndum eru skýr skil gerð milli fyrsta stigs sem er almennur bókari, næsta stig er aðili sem sér um reikningsskil og skattskil og þriðja stigið eru endurskoðendur sem sjá um endurskoðun eins og nafnið segir sjálf.

Þessar þýðingar hefur félagið af örlæti sínu gefið fjármálaráðuneytinu, en þar virðist lítið með svona nokkuð gert.

### **Fréttabréf félagsins**

Félagið gaf út fyrsta fréttabréf sitt í febrúar 1990 og hafa þau verið gefin út að meðaltali 2 til 3 á ári og eru aðgengileg á heimasíðu félagsins <http://www.fbo.is>

Ennfremur rekur félagið heimasíðu sem er vinnuverkfæri þeirra sem vinna við bókhald og einnig sem upplýsingastaður um félagið.



Félags löggiltra endurskoðenda

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1154  
komudagur 10.3.2009

Reykjavík 9. mars 2009  
Tilv. FLE 9-2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

b/t Eiríks Áka Eggertssonar, nefndarritara

**Málefni:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr 3/2006, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, 245 mál.


Með vefpósti dags. 5. mars s.l. óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE.

Álitsnefndin tók málið til umfjöllunar og gerir meðfylgjandi athugasemdir við frumvarpið.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

  
Sigurður B. Arnþórsson  
Framkvæmdastjóri FLE

**Athugasemdir Álitsnefndar Félags löggiltra endurskoðenda ( FLE) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, 3/2006 og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, 245 mál.**

Álitsnefnd FLE vil í upphafi gera aimennar athugasemdir við þau vinnubrögð að fá til umsagnar svo viðamikil mál með eins skömmum fyrirvara og raun ber vitni. Svo stuttur frestur leiðir til þess að umsögn verður ekki eins vönduð og félagið hefði óskað og ekki hægt að fjalla um öll atriði sem æskilegt hefði verið.

Álitsnefndin hefur samt sem áður tekið málið fyrir og vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum og athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins:

***Breytingar á lögum um ársreikninga***

*1 grein b.*

Við viljum benda á að tillaga að hækkun fjárhæða er langt frá því að samsvara hækkun á raungildi þeirra fjárhæða eru í núverandi lögum.

*2 grein c.*

Í stað setningarinnar „ Hafi skoðunarmaður samið ársreikninginn, sbr. 35.gr laga um bókhald,skal undirritun hans og dagsetning vera hluti ársreikningsins“ komi :

„Dagsett undirritun þess sem tekið hefur að sér að semja ársreikning sbr. 35. gr laga um bókhald, skal vera hluti ársreikningsins.“

Þessi breytingatillaga er sett fram til að gerður sé skýr greinarmunur á skoðunarmönnum samkvæmt lögum um bókhald og fagaðilum sem taka að sér gerð ársreikning.

*4 grein*

Lagt er til að 1 málsgrein orðist svo:

„Félag skal tilkynna ársreikningaskrá um færslu bókhalds .... „ í stað „ Ársreikningaskrá veitir heimild til færslu bókhalds ....“

Álitsnefnd telur ekki ástæðu til þess að sækja þurfi sérstaklega um heimild til að fara að ákvæðum laganna og/eða alþjóðlegra reikningsskilastaðla í þessu tilviki fremur en um beitingu annara reikningsskilareglna sem lögin og staðlarnir kveða á um.

2 málsgrein:

Í stað „Starfrækslugjaldmiðill er sá gjaldmiðill sem vegur hlutfallslega mest í aðalefnahagsumhverfi félagsins „ komi „ Starfrækslugjaldmiðill er gjaldmiðill aðalefnahagsumhverfis sem einingin er starfrækt í „

Þetta orðalag er í samræmi við staðal IAS 21 eins og vitnað er til í umsögn með frumvarpinu um þessa grein.

### *7 grein b.*

Hér má vitna í stærðarmörk 1 mgr. 1 gr laganna í stað þess að endurtaka þau.

### *8 grein*

Nefndinni finnst þessi grein afar óskýr og áttar sig jafnframt ekki á því hver sé ástæða þess að felld er niður núverandi 4. mgr. 94 gr laga um skyldu ársreikningaskrár um að birta með rafrænum hætti og aðgengilegum niðurstöðum hvers eftirlits sem framkvæmt hefur verið samkvæmt þessari grein.

### *11 grein a*

Ef horft er til 1 gr og 11 gr frumvarps þessa og jafnframt til laganna, er ekki samræmi milli fjölda ársverka með hliðsjón af öðrum viðmiðunum í umræddum greinum. Álitsnefndin leggur því til að í 11 grein frumvarpsins verði miðað við fjölda ársverka 30 í stað 50.

### *11 grein b*

Í stað þess að fella skuli niður orðin „skulu kjósa einn endurskoðanda“ ætti að fella niður orðin „skulu kjósa a.m.k. einn endurskoðanda“ en það er í samræmi við texta núgildandi lagaákvæðis.

### *17 grein b.*

Nefndin telur ekki rétt að telja með þessum hætti upp hvað koma skal fram í ártitun endurskoðenda enda eru skýr ákvæði um það í lögum um endurskoðendur. Með því að telja hér upp sérstaklega hluta af því sem í áritun skal koma fram er hætta á að ákvæði um áritun verði ekki með sama hætti í þessum lögum og lögum um endurskoðendur. Hér ætti að nægja að eftirfarandi komi fram:

Áritun endurskoðanda skal vera í samræmi við það sem fram kemur í lögum um endurskoðendur nr 79/2008.

### *24 grein*

Nefndin vill benda á að tillaga að breytingu fjárhæða er ekki í samræmi við verðlagsþróun frá því löggin voru sett á sínum tíma.

### *25 grein*

Í stað „Fjármálaráðherra getur skipað“ skuli koma „Fjármálaráðherra skal skipa“

Álitsnefndin vill benda á mikilvægi reikningsskilaráðs og vísar í því sambandi til 119 grein laga um ársreikninga þar sem fjallað er um hlutverk þess. *26 grein*

Álitsnefndin vill vekja athygli á að refsíákvæði um endurskoðendur koma fram í lögum um endurskoðendur nr 79/2008. Nefndin leggur því til að ákvæði um hvað teljist refsiverð brot endurskoðenda samkvæmt þessum lögum falli niður enda eru sömu brot refsiverð samkvæmt lögum um endurskoðendur og reyndar mörg fleiri.

Álitsnefnd telur hins vegar eðlilegt að ný málsgrein samkvæmt d lið 26. gr. frumvarpsins verði látin standa

### **Önnur lög**

Álitsnefnd gerir ekki athugasemdir við breytingu á lögum um samvinnufélög, einkahlutafélög, sjálfseignastofnanir sem stunda atvinnurekstur, húsnæðissamvinnufélög, Evrópufélög, evrópsk samvinnufélög, fjöleignarhús eða Viðlagatryggingar Íslands.

### **Gildistökuákvæði**

#### **88 grein**

Samkvæmt þessari grein þá gildir breytingin á ársreikningalögnum um ársreikninga 2008.

Álitsnefndin telur að ekki geta gengið upp, endurskoðendur voru í mörgum tilfellum kosnir snemma árs 2008 og eru langt komnir eða jafnvel búnir í sumum tilfellum að endurskoða árið 2008. Félög sem þannig háttar um og verða undanþegin endurskoðunarskyldunni, sitja því ekki við sama borð og félög þar sem endurskoðun er ekki hafin.

Telur nefndin því eðlilegt að gildistakan miði við reikningsár sem hefst 1 janúar 2009.

Fyrir hönd Álitsnefndar FLE

Sigurður B. Arnþórsson

Framkvæmdastjóri FLE

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1191  
komudagur 11.3.2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

**Efni:** Umsögn um frumvörp til laga um breytingar á lögum, nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, og á lögum um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum.

Með bréfi, sem átti að senda til Félags viðurkenndra bókara (FVB) þann 5.mars sl., óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn um frumvörp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn (244. mál), og á lögum um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum, (245. mál). Þetta bréf barst okkur þó ekki, þótt við séum á lista yfir umsagnaraðila, en málið barst okkur til eyrna frá Félagi bókhaldsstofa (FB) og tókum við þaðan upp þráðinn.

Breytingarnar í frumvarpi til laga um breytingar á lögum, nr. 3/2006 um ársreikninga felast m.a. í því að breyta þeim ákvæðum ársreikningslaganna sem leggja störf endurskoðenda og skoðunarmanna að jöfnu. Félag viðurkenndra bókara hefur ekkert á móti því að skilin milli endurskoðenda og skoðunarmanna verði skerpt, en hefur aftur á móti áhyggjur af því að með þessum breytingum verði hlutverk viðurkenndra bókara sem uppgjörsaðila mjög óljóst. Samkvæmt 43.grein laga nr. 145/1994 um bókhald eru skilyrðin fyrir því að fá að kalla sig viðurkenndan bókara mjög skýr. Skv. frumvarpi til laga um bókhald, nr. 145/1994 virðast skoðunarmenn ekki þurfa að uppfylla önnur skilyrði en að hafa reynslu í bókhaldi og reikningsskilum sem með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins teljist nauðsynleg til rækslu starfans. Þetta er, að mati félagsins, mjög óljós skilyrði og alls ekki í samræmi við þau skilyrði sem viðurkenndir bókarar þurfa að uppfylla, (sbr. 43.grein laga nr. 145/1994 um bókhald). Þess vegna finnst okkur að ekki sé rétt að setja viðurkennda bókara í flokk með skoðunarmönnum og viljum að hlutverk viðurkenndra bókara verði skilgreint sérstaklega í lögum um bókhald og ársreikninga, með tilliti til ársreikningagerðar.

Við viljum biðja um frest til að koma með breytingatillögur á ákveðnum greinum frumvarpanna, sem vegna mjög skamms fyrirvara var ekki unnt að leggja fram í þessari umsögn.

Hafnarfirði 10.mars 2009

Virðingarfyllst,

f.h. Félags viðurkenndra bókara  
Eva María Guðmundsdóttir  
Varaformaður FVB

6.3.2009

*Alþingi  
Erindi nr. P 136/1071  
komudagur 6.3.2009*

Nefndasvið Alþingis,  
Efnahags- og skattanefnd,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvörp til laga.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis þann 5. mars 2009, þar sem send voru til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 145/144, um bókhald, með síðari breytingum, 244 mál, og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, 245 mál.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið efni frumvarpanna og telur ekki tilefni til athugasemda.

Virðingarfyllst, f.h. Fjármálaeftirlitsins.

---

**Kristján Ólafur Jóhannesson**

16.3.09 Fjákmálaeðuneyfið

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1246  
komudagur 16.3.2009

**Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn. (mál 245)**

1)

Viðskiptaráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um hlutafélög og einkahlutafélög til að auka gagnsæi á eignarhaldi og atkvæðisrétti hlutafa í hlutafélögum. Til samræmis við það frumvarp leggjum við til eftirfarandi breytingu á 65. gr. laganna:

**Á eftir 5. gr. frumvarpsins kemur ný grein er verði 6. gr. og orðast svo:**

3. mgr. 65. gr. laganna orðist svo:

Í hlutafélögum og einkahlutafélögum skal upplýsa um fjölda hluthafa í upphafi og lok reikningsárs. Þá skal upplýsa um a.m.k. tíu hluthafa og hundraðshluta hlutafjár þeirra sem eiga stærstan eignarhlut í félaginu í lok ársins. Við útreikning þennan telst samstæða einn aðili. Ef atkvæðahlutdeild er mismunandi miðað við fjárhæð þeirra skal gerð grein fyrir atkvæðahlutdeild þeirra tíu hluthafa sem fara með stærstu atkvæðahlutdeild í félaginu í lok ársins. Hafi orðið breytingar á atkvæðahlutdeild á reikningsárinu skal þeirra getið sérstaklega.

2)

Breytingar á 8. gr. frumvarpsins.

Í stað orðanna „4. mgr. 94. gr. laganna orðast svo:“ kemur: Á eftir 3. mgr. 94. gr. laganna kemur ný málsgrein **er verði 4. mgr.:**

Um greinina

Ekki var ætlunin að þessi grein kæmi í stað núverandi 4. mgr. sem á að halda gildi sínu og verður þá 5. mgr. (sbr. ath. frá FLE)

3)

Breytingar á 11. gr. frumvarpsins.

b. liður 11. gr. orðist svo:

Í stað orðanna „skulu kjósa a.m.k. einn endurskoðanda“ í 2. og 4. mgr. kemur: falla ekki undir 1. mgr.

Um greinina:

Vantaði skammstöfunina a.m.k. í upptöku greinarinnar (sbr. ath. frá FLE)

4)

**Á eftir 24. gr. frumvarpsins bætist ný grein er verði 26. gr. er orðist svo:**

Í stað tilvísunarinnar: „4. tölul. 1. mgr. 1. gr.“ í 2. mgr. 117. gr. kemur: 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.

Um er að ræða ranga tilvísun í 2. mgr. 117. gr. laga um ársreikninga sem kom inn með lögum nr. 45/2005 sem var uppstokkun á ársreikningsslögunum m.a. IAS staðlarnir komu inn og 1. gr. breytt. Við þá breytingu varð að laga tilvísun í 2. mgr. 117 gr. um skilgreiningu á upplýsingum ársreikningaskrá á stórum og litlum félögum frá ríkisskattstjóra. Vísað er til 4. tölul. 1. gr. í stað 2. tölul. 1. gr.



5)

Vegna breytinga á öðrum lögum um samskonar tillögur í öðru frumvarpi viðskiptaráðherra (mál 145)

1. b. liður 50. gr. frumvarpsins falli niður.
2. 54. gr. frumvarpsins falli niður.

6)

Breyting á 87. gr. frumvarpsins (er verður 88. gr.)

Efnisákvæði 87. gr. orðist svo: Stjórn stofnunarinnar skal velja endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki til að endurskoða ársreikning stofnunarinnar. Ráðherra skal tilnefna trúnaðarmann til að yfirfara einstök málefni starfseminnar.

Um greinina.

Lagt er til að í stað þess að ráðherra tilnefni endurskoðanda eða skoðunarmann jafnhliða endurskoðanda félagasamtakanna tilnefni hann trúnaðarmann sem getur yfirfarið einstök málefni starfseminnar. Staða þessa trúnaðarmanns yrði hliðstæð stöðu skoðunarmanna hjá sveitarfélögum sem hafa það hlutverk að athuga einstök málefni sveitarfélagsins í samræmi við óskir sveitarstjórnarmanna.

7)

Að ósk dómsmálaráðuneyti um samskonar breytingu á lögum nr. 73/1994, um söfnunarkassa, í samræmi við breytingartillögu varðandi Viðlagatryggingu í X. kafla frumvarpsins.

Á eftir 87. gr. frumvarpsins bætist við nýr kafla með fyrirsögn

#### XI. kafli.

Breyting á lögum nr. 73/1994, um söfnunarkassa.

88. gr. (er verður 89. gr.)

2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Félagasamtök sem standa að rekstri söfnunarkassanna skulu sameiginlega tilnefna endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki til að endurskoða ársreikning sem saminn skal um starfsemi söfnunarkassanna. Dómsmálaráðherra skal tilnefna trúnaðarmann til að yfirfara einstök málefni starfseminnar. Að lokinni endurskoðun skal eintak af ársreikningi afhent dómsmálaráðherra.

Um greinina

Lagt er til að samskonar breyting verði gerð á 2. mgr. 2. gr. laga nr. 73/1994 um söfnunarkassa og gerð er tillaga um í 87. gr. frumvarpsins um val ráðherra að tilnefna trúnaðarmann hjá Viðlagasjóði. Samkvæmt gildandi lögum skal rekstur söfnunarkassa endurskoðaður af tveimur endurskoðendum annar tilnefndum af félagasamtökunum en hinn af ráðherra. Hlutverkaskipting þeirra er ekki skýr en litið er á viðkomandi mann sem ráðherra skipar sem trúnaðarmann hans.

8)

Gildistökuákvæði 88. gr. er verði 90. gr.

I. kafli laga þessara öðlast þegar gildi og skal gilda um ársreikninga og samstæðureikninga fyrir hvert það reikningsár sem hefst 1. janúar 2009 eða síðar.

II.- XI. kafli öðlist þegar gildi.



**Hagstofa Íslands**

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1069  
komudagur 6.3.2009

6. mars 2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, 245. mál.**

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur leitað umsagnar Hagstofu Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, 245. mál.

Hagstofan álitur að efni frumvarpsins tengist ekki verksviði hennar á beinan hátt og umsögn um það sé því ekki á færi hennar.

Virðingarfyllst

---

Ólafur Hjálmarsson  
hagstofustjóri

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 136/1125*

*komudagur 9.3.2009*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. mars 2009  
Tilvísun 111  
KR


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, 245. mál**

Vísað er til bréfs efnahags- og skattanefndar Alþingis frá 5. mars sl. þar sem óskað er umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, 245. mál.

Kauphöllin gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

f.h. NASDAQ OMX Iceland hf.,  
Kristín Rafnar



**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 136/1114**  
**komudagur 9.3. 2009**

9.3.2009

Efnahags- og skattanefnd Alþingis.

Frv. til laga um breyting á lögum um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum, 244. mál, og frv. til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, 245. mál.

Landssamtök lífeyrissjóða gera ekki athugasemdir við frumvörpin.

Virðingarfyllst,

Arnar Sigurmundsson, form.

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,

Dagsetning  
10. mars 2009

Tilvísun  
A-8  
LÖ/bb

150 Reykjavík.

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 5. þ.m., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum, 244. mál, og frv. til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, 245. mál.

Í báðum ofangreindum frumvörpum eru lagðar til breytingar á lögum um bókhald og lögum um ársreikninga sem leiða af lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur.

Ríkisendurskoðun leggur til að við 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins til laga um bókhald nr. 145/1994 bætist svohljóðandi málslíður: „Skoðunarmaður getur í áritun sinni á ársreikning vakið athygli á verulegum frávikum eða öðrum atriðum sem ekki koma nægilega skýrt fram í ársreikningi.“

Að öðru leyti hefur Ríkisendurskoðun ekki fram að færa athugasemdir við ofangreind frumvörp.

*Steinn Þorsteinsson*

*Steinn Þorsteinsson*

RSK

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1151  
komudagur 10.3.2009

RÍKISSKATTSTJÓRI

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd  
vt. Eiríkur Áki Eggertsson  
nefndarritari  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. mars 2009 02-2009030128  
T-ums 10/09

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn - 245. mál, þskj. 362.**


Ríkisskattstjóri vísar til tölvupósts dagsettum 5. mars 2009 þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn - 245. mál, þskj. 362.

Með frumvarpinu eru lagðar til á ýmsum lögum sem leiða af lögfestingu laga nr. 79/2008, um endurskoðendur sem samþykkt voru síðastliðið vor.

Fulltrúi ríkisskattstjóra, Guðmundur Guðbjarnason, tók þátt í samningu frumvarpsins og mun koma athugasemdum á framfæri við nefndina. Ríkisskattstjóri telur því ekki ástæðu til að svo stöddu að gera athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt

  
Guðrún J. Jónsdóttir

  
Skúli Eggert Þorðarson

6.3.2009

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1051  
komudagur 6.3.2009

Efnahags- og skattanefnd

**Frv. til laga um breyting á lögum um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum, 244. mál,**

og

**frv. til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, 245. mál,**

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir ekki athugasemdir við ofangreind frumvörp um bókhald og endurskoðendur sem bárust til umsagnar með tölvupósti 5. mars sl. Ekki verður séð að frumvörpin hafi áhrif á starfsemi sveitarfélaga.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga,  
Guðjón Bragason



Alþingi  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 11. mars 2009

**Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um bókhald og ársreikninga. 136. löggjafarþing. Mál 244 og 245.**

Samtök atvinnulífsins (SA) og Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa fengið til umsagnar ofangreind frumvörp og þakka Alþingi fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um þau. Samtökin skila hér sameiginlegri umsögn.

Í núgildandi 8. gr. ársreikningalaga nr. 3/2006 er að finna ákvæði um heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldeyri. Segir þar að félög sem uppfylla **eitt eða fleiri** eftirtalinna skilyrða geti sótt um slíka heimild:

- 1. Félög sem eru með meginstarfsemi sína erlendis eða eru hluti erlendra samstæðu þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en íslensk króna.*
- 2. Félög sem eiga erlend dótturfélög eða hlutdeild í erlendum félögum og meginviðskipti eru við þessi félög.*
- 3. Félög sem hafa meginstarfsemi sína hér á landi en eru með verulegan hluta tekna sinna frá erlendum aðilum í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum, enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill samkvæmt settri reikningsskilareglu.*
- 4. Félög sem hafa verulegan hluta fjárfestinga sinna í erlendum fjárfestingarvörum og skuldir þeim tengdar í erlendum gjaldmiðlum, enda fari þau fram úr þeim stærðarmörkum sem tilgreind eru í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.*

Með frumvarpinu er 8. gr. laganna breytt á þann hátt að einungis er hægt að fá heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill félagsins.

Í athugasemdum frumvarpsins segir um þetta ákvæði að ekki sé um að ræða efnisbreytingu á ákvæðinu en í ljósi reynslu sem komin sé á veitingu þessarar heimildar sé lagt til að ákvæðið verði gert skýrara. Þá segir að í staðinn fyrir upptalningu á þeim skilyrðum sem félag þarf að uppfylla til að fá heimild til samningu ársreikninga í erlendum gjaldmiðli komi í staðinn nánari skilgreining á starfrækslugjaldmiðli í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðalinn nr. 21, um áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla. Ekki er hægt að fallast á þessa ályktun frumvarpshöfundar.

Með þessari breytingu á frumvarpinu er fallið frá því að miða við að eitt af fjórum skilyrðum sem talin eru upp í ákvæðinu sé nægjanlegt og mun þess í stað eingöngu vera farið eftir því hver sé starfrækslugjaldmiðill félagsins. Mun þessi breyting hafa sérstaklega mikil óhagræði í för með sér fyrir íslensk félög sem eru hluti af





alþjóðlegum félagasamstæðum og hafa hingað til uppfyllt fyrsta skilyrðið sem talið er upp í 8. gr. laganna, þ.e.a.s. að þau eru hluti erlendra samstæðu þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en íslensk króna. Slík félög eru oftast með allt bókhald sitt í erlendri mynt auk þess sem ársreikningur samstæðunnar er í erlendri mynt. Verði sú breyting sem frumvarpið leggur til að þessu leyti lögfest munu íslensk dótturfélög erlendra móðurfélaga verða að semja ársreikning sinn í íslenskum krónum ef íslenska félagið uppfyllir ekki það skilyrði um að starfrækslugjaldmiðill þess telst vera erlendir gjaldmiðill og hefur slíkt umtalsvert óhagræði í för með sér fyrir slík félög.

Í 1. mgr. 7. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um bókhald, nr. 145/1994, má finna óljóst orðalag þar sem orðið „sínar“ getur bæði staðið fyrir „félögin“ eða „þeir“ (sem semja ársreikninga). Við leggjum til að í stað orðsins „sínar“ standi „félagsins“ til að taka af allan vafa um merkingu 1. mgr. þannig að 1. mgr. verði, „...í samræmi við lög eða samþykktir félagsins skulu hafa þá reynslu í bókhaldi...“.

Í 11. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting að 3. mgr. orðist eftirleiðis á eftirfarandi hátt: „Félög sem ekki leggja hömlur á viðskipti með eignarhluta falla ekki undir 1. mgr.“ Þetta þýðir að félög sem ekki leggja hömlur á viðskipti með eignarhluta er ávallt skylt að kjósa endurskoðanda, jafnvel þótt þau séu undir stærðarviðmiðunum greinarinnar. Telja samtökin það ekki eiga að skipta máli varðandi skyldu til að kjósa sér endurskoðanda hvort hluthafar félagsins hafi valið að setja ákvæði um forkaupsrétt eða samþykki stjórnar við sölu hluta úr félaginu, enda um óskyld atriði að ræða. Slík breyting hefði að sama skapi þau áhrif að eingöngu væri farið eftir stærð félags hvort það væri undir þeirri skyldu að setja sér starfskjarastefnu skv. 79. gr. a hlutafélagalaga (og samsvarandi grein ehfl.) Í þeirri lagagrein er kveðið á um að félagsstjórn í félagi sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. ársreikningalögum skuli setja félaginu starfskjarastefnu. Sú skrátna staða getur því komið upp að lítið einkahlutafélag, jafnvel eins manns sem ekki er með ákvæði um forkaupsrétt í samþykktum sínum þurfi að kjósa sér endurskoðanda og setja sér sérstaka starfskjarastefnu.

Samtökin vilja benda á að meðal tillagna um aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja, sbr. áttunda tölulið í yfirlýsingu ríkisstjórnarnarinnar dags. 2. desember 2008, var að greiða fyrir heimildum fyrirtækja til þess að færa bókhald og ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Vilji löggjafans kom einnig skýrt fram í nefndaráliti meirihluta efnahags- og skattanefndar um frumvarp um breytingar á lögum um ársreikninga dags. 16. desember 2008, þar sem þar sem tekið var fram að ekki eigi að túlka umrædda lagagrein (8. gr.) þrengra en alþjóðlegir reikningsskilastaðlar gefa tilefni til. Með lögum nr. 162/2008 til breytinga á ársreikningalögum sem samþykkt voru þann 18. desember 2008 var 9. gr. laganna rýmkuð til bráðabirgða á þann hátt að hægt væri að sækja um heimild til að færa bókhald og ársreikning í erlendum gjaldmiðli vegna reikningsáranna 2008 og 2009.

Samkvæmt gildistökuákvæði breytingalaganna á ársreikningalögum er gert ráð fyrir að þau öðlist gildi 1. janúar 2008. Að mati samtakanna ber að forðast slíka afturvirkni í lagasetningu og þá sérstaklega með vísan til þeirrar breytingar sem frumvarpið leggur til hvað varðar heimild til að hafa ársreikning í erlendum gjaldmiðli og



bráðabirgðaákvæðið sem minnst var á hér að ofan. Eðlilegra er að gildistaka laganna væri frá og með 1. janúar 2010.

Að öðru leyti en ofan greinir hafa samtökin ekki athugasemdir við lagafrumvarpið en sérstaklega ber að fagna því að með lögunum er fallið frá endurskoðunarskyldu minni félaga og gerður meiri greinarmunur á störfum og stöðu endurskoðanda og skoðunarmanns. Er það í samræmi við heimild í fjórðu tilskipun Evrópusambandsins um ársreikninga félaga með takmarkaðri ábyrgð. Hefur vinna endurskoðenda fyrir eins manns einkahlutafélög ekki falið í sér eiginlega endurskoðun í skilningi laga en þrátt fyrir það hafa slík félög þurft að kaupa sér slíka þjónustu með tilheyrandi kostnaði.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

f.h. Samtaka Fjármálafyrirtækja

Daði Sverrisson, hagfræðingur



Alþingi  
Erindi nr. P 136/1167  
komudagur 10.3.2009

9. mars 2009  
SI-50121

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík


Með bréfi dags. 5. mars 2009, sem barst í tölvupósti sama dag, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, 245. mál

Tillögur sem lagðar eru fram í þessu frumvarpi til breytinga á lögum um ársreikninga eru aðallega þrenns konar. Í fyrsta lagi eru breytingar sem leiða af lögum um endurskoðendur sem sett voru á síðasta þingi. Breytingarnar felast í því að breyta ákvæðum ársreikningslaganna sem leggja störf endurskoðenda og skoðunarmanna að jöfnu. Í öðru lagi eru breytingar til skýringar á starfrækslumiðli og í þriðja lagi eru breytingar vegna innleiðingar ákvæða Evróputilskipunar nr. 2006/46/EB um góða stjórnunarhætti skráðra félaga á skipulögðum verðbréfamarkaði og reglugerðar framkvæmdastjórnar nr. 1569/2007/EB um eftirlit ársreikningaskrár með félögum utan EES-ríkjanna sem skrá verðbréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi.

Í framhaldi af breytingum á þeim ákvæðum laga um ársreikninga sem leggja störf endurskoðenda og skoðunarmanna að jöfnu er nauðsynlegt að gera hliðstæðar breytingar á löggjöf á sviði félagaréttar, svo sem lögum um hlutafélög, einkahlutafélögum og fleiri lögum, sem gera kröfu um kosningu endurskoðenda og/eða skoðunarmanna í samþykktum sínum og framlagningu endurskoðaðra ársreikninga.

Seðlabankinn gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Viðfangarfullt  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Svein Harald Öygard  
seðlabankastjóri

  
Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Alþingi  
Erindi nr. Þ 136/1153  
komudagur 10.3.2009



Nefndarsvið Alþingis

Skrifstofa Alþingi

150 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2009

**Efni: Umsagnir um frumvörp**

Samtök verslunar og þjónustu vísa til beiðni Alþingis um umsagnir við neðangreind frumvörp til laga.

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hutafélgö og lögum um einkahlutafélgö (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn), 356. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, 358. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaði, 359. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum, 244. mál.
- ✕ - Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, 245. mál.

Samtökin hyggjast ekki gera athugasemdir við frumvörpin.

Virðingfyllst,



Sigurður Örn Guðleifsson, hdl.

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1070  
komudagur 6.3.2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 6. mars 2009.

**Málefni:** *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn, 245 mál lagt fyrir 136. löggjafarþing Alþingis 2008 – 2009.*

Embætti tollstjóra hefur móttengið erindi Efnahags- og skattanefndar Alþingis sent með tölvupósti dags. 5. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn.

Með lagafrumvarpinu eru lagðar til breytingar sem leiða af lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, sem samþykkt voru á síðasta vorþingi.

Tollstjóri hefur yfirfarið ofnagrent lagafrumvarp og gerir ekki athugasemdir við það.

Virðingarfyllst,  
f.h. Tollstjóra

---

Sigurður Skúli Bergsson  
aðstoðartollstjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1155  
komudagur 10.3.2009



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn (245. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér margvíslegar breytingar á lögum um ársreikninga.*

Viðskiptaráð gerir nokkrar athugasemdir við frumvarp þetta en þær markast flestar af þeim stutta tíma sem veittur var til umsagnar. Það verður að teljast afar óeðlilegt að mál, sérstaklega af þessari stærðargræðu, séu keyrð í gegnum þingið með slíkum hraða. Það liggur í hlutarins eðli að líkur á annmörkum í frumvarpsgerð og mistökum í afgreiðslu þingsins aukast til muna ef þetta fyrirkomulag er viðhaft. Stuttur frestur dregur jafnframt óhjákvæmilega úr gæðum umsagna. Á þessu verður því að gera bragarbót.

**Starfrækslugjaldmiðill (4. gr.)**

Í ákvæði þessu er að finna breytingar á núgildandi 8. gr. laganna sem fjallar um þau skilyrði sem félög verða að uppfylla til að fá heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli.

Rétt er að geta þess að Viðskiptaráð hefur ítrekað lagt til að ákvæði ársreikningalaga og hlutfélagalaga er varða uppgjör í erlendum gjaldmiðlum verði rýmkuð enda eru kostir slíks uppgjörs fyrir mörg félög augljósir. Um þetta var m.a. fjallað í skoðun ráðsins *Uppgjör í erlendum gjaldmiðlum – eðlileg afleiðing alþjóðavæðingar*, sem var gefin út í mars mánuði síðasta árs. Hefur ráðið t.a.m. lagt til að 3. og 4. mgr. 1. gr. hlutfélagalaga verði breytt þannig að 5 ára tímamark nýrrar myntar sé afnumið og að upptalning gjaldmiðla sem ákveða megi hlutfé félagsins í verði felld brott og þess í stað verði vísað til þeirra gjaldmiðla sem hafa skráð gengi hjá Seðlabanka Íslands.

Í ljósi þessarar afstöðu Viðskiptaráðs, sem hafa verið reifaðar stuttlega, gerir ráðið nokkrar athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins.

Í fyrsta lagi telur Viðskiptaráð að hlutverk ársreikningaskrár eigi ekki að vera það að veita félögum heimild til uppgjörs í erlendum gjaldmiðlum. Ef félögum ber samkvæmt ákvæðum IFRS og ársreikningalögum að gera upp í sínum starfsrækslugjaldmiðli, þá öðrum en íslenskum krónum, þá á þeim eingöngu að vera skylt að tilkynna ársreikningaskrá um þann gjaldmiðil.

Að auki er rétt að benda á 90. gr. laganna en þar segir að félagi sem beri að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu samstæðureiknings sé það einnig heimilt við samningu síns ársreiknings. Í eldra ákvæði laganna var um að ræða skyldu en sú skylda var felld brott með lögum nr. 171/2007 og í greinargerð þeirra sagði m.a.

*„Í a-lið er lagt til að skylda móðurfélaga og dótturfélaga sem eru innifalin í samstæðureikningsskilum, svo og félaga skv. 1. másl. 4. tölul. 1. mgr. 1. gr., sem eru í meirihlutaeigu félaga í samstæðunni, til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum verði felld niður. Þess í stað er lagt til að stjórn viðkomandi félags geti ákveðið hvort það beiti alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu ársreiknings og árshlutareiknings.“*

Af þessu leiðir að það er stjórnar félagsins að meta hverju sinni hvort alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé beitt við samningu ársreiknings. Verður þetta ekki betur skilið en svo að það sé jafnframt stjórnarinnar að meta, með tilliti til ákvæða IFRS, hvort annar gjaldmiðill en krónan vegi hlutfallslega mest í aðalefnahagsumhverfi félagsins. Er þetta einkar eðlilegt enda eru stjórnir félaga mun betur í stakk búnar að meta slíka hluti en opinber stofnun. Vegna þessa telur Viðskiptaráð að félög sem kjósa að beita IFRS stöðlum og eiga skv. 17. gr. staðalsins að nota aðra uppgjörsmýnt en krónu ættu einungis að þurfa að tilkynna ársreikningaskrá um þann gjaldmiðil.

Að mati Viðskiptaráðs hefur aldrei komið nægilega skýrt fram hvers vegna ríkisvaldið telur mikilvægt að samþykkja uppgjör íslenskra fyrirtækja í erlendum gjaldmiðlum fyrirfram, en ekki er þörf á að afla slíks leyfis til að beita öðrum reikningsskilareglum sem löggin eða staðlarnir kveða á um. Slík uppgjör eru eðlilegur fylgifiskur alþjóðavæðingar og í mörgum tilvikum eru þau til þess fallin að styrkja frekar stöðu íslenskra fyrirtækja og gera þau að fýsilegri kosti fyrir erlenda fjárfesta. Það er því hreinlega óábyrgt að spyrna við fæti í þessum málum og stuðla þannig að verra rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegum samanburði.

Af einhverjum ástæðum virðist sem svo að ríkið telji það mikilvægt að fyrirtækin geri ekki mistök í þessum efnum og endurspeglar 4. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að aðalefnahagsumhverfi taki mið af lögum og reglum það viðhorf. Eins og reifað er hér að ofan ætti hlutverk ársreikningaskrár að vera bundið við að taka við tilkynningum frá félögum um beitingu annars starfsrækslugjaldmiðils en krónu. Ef augljóst er að félag sem ætlar sér að taka upp annan starfsrækslugjaldmiðil uppfyllir ekki skilyrði IFRS þar að lútandi ætti ársreikningaskrá hins vegar að gera stjórn félagsins og endurskoðendum þess viðvart.

*Viðskiptaráð leggur til að 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að félög skuli tilkynna ársreikningaskrá um uppgjör í erlendum gjaldmiðlum. Að auki er lagt til að ársreikningaskrá eigi að gera stjórn og endurskoðendum félags viðvart ef hún telur augljóst að skilyrði IFRS til uppgjörs í erlendri mýnt séu ekki uppfyllt.*

Að lokum er rétt að benda á að orðalag ákvæðisins endurspeglar ekki nægilega vel orðalag staðals IAS 21, því þarf að breyta til betri vegar.

*Viðskiptaráð leggur til að orðalagi ákvæðisins verði breytt þannig að "Starfsrækslugjaldmiðill er gjaldmiðill aðalefnahagsmumhverfis sem eining er starfrækt í..."*

#### **Álit endurskoðenda á skýrslu stjórnar (17. gr.)**

Í 5. tl. b. liðar 17. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að endurskoðendur gefi álit sitt á því hvort skýrsla stjórnar hafi að geyma upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ársreikninginn og sé svo ekki skulu endurskoðendur vekja athygli á því í áritun sinni.

Að mati Viðskiptaráðs er það ekki hlutverk endurskoðenda að gefa álit á skýrslu stjórnar, heldur einungis benda á ef skýrslan feli í sér upplýsingar sem ekki eru í takt við upplýsingar í ársreikningi félagsins. Að auki er fjallað ítarlega um það í lögum um endurskoðendur hvað skuli koma fram í áritun endurskoðenda. Ekki ætti að endurtaka þá umfjöllun hér enda væri það einungis til þess fallið að flækja lagaumhverfið og skapa réttaróvissu um þetta mikilvæga hlutverk endurskoðenda.

*Viðskiptaráð leggur til að 5. tl. b. liðar 17. gr. frumvarpsins verði felldur brott.*

#### **Skipan reikningsskilaráðs**

Í 25. gr. frumvarpsins er kveðið á um að fjármálaráðherra geti skipað fimm sérfróða menn til fjögurra ára í senn í nefnd sem nefnist reikningsskilaráð. Er um að ræða heimildarákvæði en reikningsskilaráð sem sett var á stofn með lögum nr. 95/1991 var lagt af þegar skipunartími nefndarmanna rann út á sínum tíma.

Það er mat Viðskiptaráðs að ráð af þessi tagi eigi að vera til í landinu og bendir því til stuðnings á mikilvægt hlutverk reikningsskilaráðs eins og það er skýrt í 119. gr. ársreikningalaga. Telur Viðskiptaráð því að það eigi ekki að vera háð ákvörðun fjármálaráðherra hverju sinni hvort þörf sé á reikningsskilaráðinu. Hér er einnig vakin athygli á því að Viðskiptaráð (á þeim tíma Verslunarráð) skipaði skv. lögum 95/1991 einn fulltrúa í reikningsskilaráð, sem skiptir þó litlu í ljósi þess að aðrir fulltrúar atvinnurekenda hafa tekið stað ráðsins. Fagnar Viðskiptráð því að ráðuneytið hafi ekki brugðið út af venju hvað aðkomu hagsmunaaðila varðar að reikningsskilaráðinu.

*Viðskiptaráð leggur til að orðalagi ákvæðisins verði breytt þannig að fjármálaráðherra skuli skipa reikningsskilaráð.*

#### **Refsiverð brot (26. gr.)**

Í d. lið 26. gr. frumvarpsins er að finna nýtt refsíákvæði. Hvað það ákvæði varðar er rétt að benda á viðurlaga- og refsíákvæði nýrra endurskoðendalaga, sem eru víðtæk og refsingar einnig afar íþyngjandi. Þessi ákvæði endurskoðendalaga taka að mestu yfir þau tilvik eru gætu fallið undir það sem kveðið er á um í d. lið 26. gr.

Ennfremur er ákvæði stafliðsins afar óljóst og erfitt er þess vegna að átta sig nákvæmlega á umfangi ábyrgðarinnar. Þurfa t.a.m. bókhaldsstofur og einstaklingar sem taka að sér bókhald að hafa tryggingu vegna hennar? hver ber ábyrgð innan félagsins, er það félagið sjálft eða einstaklingurinn? hvað kröfur eru gerðar til að komast að því hvort ársreikningur er réttur? Í tilfellum minni fyrirtækja er yfirleitt um að ræða óendurskoðuð félög og er þá ársreikningur



byggður á bókhaldi þess en engar frekari skoðanir eru framkvæmdar til að kanna réttmæti upplýsinga enda væri viðkomandi félag þá væntanlega komið í endurskoðun.

**Gildistökuákvæði (88. gr.)**

Samkvæmt 88. gr. frumvarpsins þá gilda breytingar á ársreikningalögum um ársreikninga fyrir árið 2008. Að mati Viðskiptaráðs þá gengur slíkt einfaldlega ekki upp. Endurskoðendur eru iðulega kosnir snemma hvert ár og flest fyrirtæki eru komin langt eða eru búin að endurskoða síðasta reikningsár. Félög sem þannig háttar um og verða undanþegin endurskoðunarskyldunni, sitja því ekki við sama borð og félög þar sem endurskoðun er ekki hafin.

*Viðskiptaráð leggur til að gildistaka miði við reikningsárið sem hófst 1. janúar síðastliðinn.*

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki óbreytt fram að ganga.**

Virðingarfyllt,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs